

Kennsluáætlun

Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

Kennsluáætlun



Námsgrein: Textílmennt

Bekkur/hópur: 1. bekkur

Kennari: Kristín Karólína Bjarnadóttir

Tímabil: ágúst - maí 2025

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið við lok 4. bekkjar aðalnámskrár eru lögð til grundvallar

Handverk, aðferðir og tækni

- * notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum
- * unnið úr nokkrum gerðum textílefna
- * unnið eftir einföldum leiðbeiningum

Sköpun, hönnun og útfærsla

- * tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu
- * skreytt textíl vinnu á einfaldan hátt
- * gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni
- * leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum

Menning og umhverfi

- * sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt
- * sagt frá nokkrum tegundum textílefna
- * fjallað um mismunandi klæðnað fólks með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna
- * Notað ný og endurunnin efni í textíl vinnu

Námsmat

Metið er út frá þeim forsendum að nemandi geti sýnt frumkvæði og þor, gert tilraunir í textíl og valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni. Beitt fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa á sjálfstæðan hátt verk byggð á eigin hugmyndum, útskýrt og rökstutt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki. Lýst, greint og rætt inntak eigin verka og annarra, sett í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og beitt markvisst orðaforða og hugtökum í textíl. Gert grein fyrir fjölbreyttu hlutverki textíl í menningar- og atvinnulífi samfélagsins

Stuðst er við leiðsagnarmat sem felst í reglulegri og uppbyggilegri endurgjöf og fer aðallega fram í samtölum nemandanna og kennara. Kennari leiðbeinir nemandanna á meðan á námi hans stendur. Með leiðsagnarmati gefur kennari nemandanum upplýsingar um það sem hann getur nýtt sér til þess að bæta nám sitt jafnóðum. Það miðast við hvern einstakling og hans þarfir.

ágúst/september

Verkefni	Aðferð	Markmið
kynnast Textílstofu og áhöldum sem í henni er	Skoða sig um	*að kynnast
Jólakrukka	Skrifa nafnið sitt á krukku	*að þjálfast í að skrifa nafnið sitt
Armband	Snúa snúru	*að þjálfast í að mæla garn, snúa snúru og vinna með öðrum
Armband	Setja perlur á armband, hnýta	*að þjálfast í fínhyfingum og læra að gera hnút

október/nóvember

Puttaprjón	Læra að puttaprjóna	*læra að fitja upp puttaprjón
------------	---------------------	-------------------------------

desember

Jólafondur	teikna, klippa og líma	*þjálfa sig í fínhyfingum
------------	------------------------	---------------------------

janúar-mars

Ormur	Klippa út form úr filtefni, þræða á band með perlum. Blautþæfa haus	*þjálfa sig í að þræða nál og æfa fínhyfingar *þjálfa sig í að klippa efni *læra að þæfa
-------	---------------------------------------------------------------------	------------------------------------------------------------------------------------------------

apríl/maí

Val um að: -Sauma út í grófan striga -Vefa -Puttaprjón	Sauma út mynd, vefa mottu og læra puttaprjón	*þjálfa sig í að þræða nál og æfa fínhyfingar *þjálfa þræðispor *læra að fitja upp puttaprjón
-----------------------------------------------------------------	----------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------